



Jóhannes Geir Sigurgeirsson
stjórnarformaður

Ræða

Samráðsfundur Landsvirkjunar
6. apríl 2006

Ég mun í fyrri hluta ræðu minnar fjalla um nokkra þætti sem varða Landsvirkjun og hafa verið í umræðunni síðustu misserin. Hér er um að ræða atriði sem ætti ekki að þurfa að fjalla um á þessum vettvangi, svo augljóst er margt af því. Þessum sjónarmiðum er hins vegar haldið ítrekað fram þannig að það er ekki um annað að ræða en að sýna þolinmæði og svara á sama hátt; eins oft og þurfa þykir.

Það vekur ef til vill athygli einhverra að ég fjalla ekkert síður um efni tengt áliðnaðinum en orkuframleiðslu. Það kemur til vegna þess að það stefnir í að um helmingur tekna Landsvirkjunar verði tengdar álverði og í þeim skilningi er því hægt að segja að fyrirtækið stefni í að verða að hálfu álfyrirtæki.

Aftur og aftur í umræðunni er sagt að ákvarðanir um orkuframkvæmdir séu teknar út frá stundarhagsmunum. Skoðum þetta aðeins nánar:

Ef við lítum til uppbyggingar í atvinnulífinu sjáum við að fá verkefni eiga sér jafn langan líftíma og vatnsaflsvirkjanir. Vatnsaflsvirkjun leggur til orku, grunnafli fyrir allt nútíma atvinnulíf, og getur endingartími virkjananna verið á við samanlagðan aldur fleiri kynslóða af kaupendum. Írafossvirkjun var byggð til að sjá áburðarverksmiðjunni í Gufunesi fyrir orku. Nú er búið að leggja áburðarframleiðsluna af eftir að hún hafði borgað niður hlutfallslega sinn hluta af virkjuninni. Eftir stendur virkjunin; tilbúin í aðra hálfar aldar þjónustu við nýja kaupendur.

Það sama má að nokkru segja um álverin. Ef við tökum álverið í Straumsvík sem dæmi þá bendir allt til þess að líftími þess verði 60-80 ár sem er langur tími á atvinnusögulegan mælikvarða. Til samanburðar má nefna að það tímabil í atvinnusögu okkar Íslendinga þar sem veiðar og vinnsla á fiski voru ráðandi í atvinnuþátttökunni hafi verið um 50 ár. Fiskurinn heldur vissulega áfram að vera meginstoð í okkar utanríkisverslun en notar hlutfallslega einungis lítinn hluta af því mannaafli sem áður var (um 1/4). Það sama mun að sjálfsögðu einnig gerast varðandi áliðnaðinn hér á landi. Framleiðni mun aukast í tímans rás og mikilvægið hvað varðar atvinnuþátttöku minnka en greinin verður veigamikil stoð í útflutningstekjum þjóðarinnar um langa framtíð.

Annar algengur frasi er að Landsvirkjun og iðnaðarráðuneytið vaði í vasa almennings til að sækja skattpeninga sem eru notaðir í byggingu virkjana og áróður. Lítum á þetta.

Fyrir síðasta ár borgar Landsvirkjun eigendum sínum samtals tæplega 700 milljónir í formi arðs og ábyrgðargjalds vegna lána. Á sama tíma er rekstur fyrirtækisins að búa til 5-6 milljarða króna á ári til að borga niður skuldir og fyrir nýja uppbyggingu. Stefán Svavarsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, dró þetta saman á mjög greinargóðan hátt í grein í Morgunblaðinu þar sem hann bendir á að ef núverandi fjármunamyndun væri notuð að fullu til að borga niður þær skuldir sem hvíla á eignunum sem búa til peningana; þá væri fyrirtækið skuldlaust á 9-13 árum (Kárahnjúkavirkjun er hér tekin út fyrir sviga). Það er ljóst að slíkt fyrirtæki, skuldlaust raforkufyrirtæki með meginhluta framleiðslunnar frá vatnsafla, hefur mikla burði til að greiða arð.

Það vill einnig þannig til að arðgreiðslur síðustu ára og ábyrgðargjaldið samsvara nokkurn veginn því sem almennt er talið að þurft hefði að borga til viðbótar í vexti ef ekki væri eigendaábyrgð á lánunum. Þetta þýðir með öðrum orðum að ef Landsvirkjun hefði verið rekin sem félag í einkarekstri stæði efnahagur fyrirtækisins eins og hann er í dag vegna þess að þá hefði eigendur væntanlega ekki tekið ákvörðun um arðgreiðslur og ekkert ábyrgðargjald verið greitt. Skuldirnar hefðu verið greiddar niður í sama takti og verið hefur. Hafa verður í huga að við vitum ekki hver hin raunverulegu viðbrögð væru ef Landsvirkjun nyti ekki ríkisábyrgðar; þar skipta atriði eins og eiginfjárstaða fyrirtækisins miklu máli. Engu að síður er hér um marktæka vísbendingu að ræða.

Við þetta má síðan bæta að Landsvirkjun hefur um áratugi greitt fyrir ýmis konar grunnrannsóknir á náttúrfari landsins sem í samkeppnisumhverfi hefði verið á könnu hins opinbera; þar er um að ræða verulegar upphæðir. Af framansögðu má því vera ljóst í hvaða átt fjárstraumarnir hafa legið á milli Landsvirkjunar og hins opinbera.

Nú nýverið hefur bæst nýtt viðlag í símfóniuna. Sagt er að Landsvirkjun hafi tapað háum upphæðum vegna framvirkra samninga í álviðskiptum. Um hvað er hér verið að fjalla?

Hér er vísað til þess að á undanförunum árum hafa verið gerðir samningar til að draga úr álverðsáhættu í orkusamningum. Um síðustu áramót var álverð mjög hátt eða 2400 dollarar á tonnið. Í skýringum með ársreikningi fyrirtækisins er samkvæmt góðum reikningsskilavenjum greint frá því hver augnabliksstaða samninganna er um áramótin en hún var neikvæð um 5,3 milljarða. Þessi upphæð kemur ekki til greiðslu nema álverðið haldist í þessum hæðum út samningstíma varnarsamninganna. Í þessu samhengi er gjarnan vitnað í grein prófessors Þórólfs Matthíassonar í Morgunblaðinu fyrir skömmu. Það sem prófessornum yfirsást var að í skýringunum var þess getið að á sama hátt hækkaði jákvætt virði álsamninganna sem eru eins og áður sagði tengdir við álverð.

Vinna við að meta virði orkusamninganna stendur yfir. Það er ljóst að miðað við stöðuna eins og hún var um síðustu áramót þ.e. 2400 dollara fyrir áltonnið; þá er jákvætt virði þeirra á þeim tímamarki mun meira en sem nemur neikvæðu virði varnanna. Ástæðan fyrir því að sú tala er ekki birt í ársreikningnum fyrir 2005 er fyrst og fremst varúðarsjónarmið. Fjármálasvið fyrirtækisins vildi geta sannreynt hana betur áður en verðmæti orkusamninganna er birt í töluformi í fyrsta sinn.

Hitt er svo annað mál að það liggur nú orðið fyrir að jákvætt gangvirði orkusamninganna nemur margföldu neikvæðu virði afleiðusamninganna miðað við það heimsmarkaðsverð sem nú er á áli. Það má hins vegar öllum vera ljóst að til lengri tíma litið þá mun verð á áli leita jafnvægis við framleiðslukostnað að viðbættum eðlilegum hagnaði. Við þær aðstæður

er hvorug talan rétt; hvorki útreiknuð staða afleiðusamninganna né orkusamninganna en það er alveg ljóst að augnabliksstaðan í dag sýnir verulega jákvæðan jöfnuð.

Í umræðunni er áberandi að talað er um að það eigi að sökkva hálendinu. Hvernig lítur þetta út í raunveruleikanum?

Í þessu sambandi er vert að draga fram að það er ekki svo, að nýting hálendisins snúist einvörðungu um orkunýtingu. Þvert á móti hafa íslensk stjórnvöld verið að stíga stærri skref hvað varðar hvers kyns verndarsvæði en dæmi eru um annars staðar. Ef við leggjum saman þjóðgarða og verndarsvæði sem eru nú þegar til staðar (11%) eða eru til athugunar þá er þar um að ræða allt að 35% af flatarmáli landsins. Benda má á, að verndarsvæði í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru samtals í dag 8-9% af flatarmáli hvers lands. Það land sem sker sig úr hvað þetta varðar er Nýja Sjáland með 23% af flatarmálinu. Til samanburðar eru síðan lónin á hálendi Íslands samtals rúmlega 0,3% af flatarmáli landsins að Hálslóni meðtöldu.

Við þetta er því að bæta að til að íslenskir og erlendir ferðamenn geti notið verndarsvæðanna þarf ýmis konar innri uppbyggingu. Það þarf vegi, það þarf snyrti- og veitinga- aðstöðu sem aftur kallar á rafmagn, rennandi vatn, fjarskipti og annað það sem nútíma ferðamennska byggir á. Hér kemur uppbygging Landsvirkjunar að góðum notum. Það var vegagerð í tengslum við virkjanir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu sem gerði suðurhluta miðhálendisins að almenningsseign. Á sama hátt mun uppbygging á vegum Landsvirkjunar gegna lykilhlutverki varðandi aðgang að þjóðgördum á og norðan Vatnajökuls.

Í umræðunni er sagt að eitt tonn að útfluttu áli jafngildi tíu tonnum af þorski hvað varðar nettó ávinning þjóðarbúsins. Skoðum þetta:

Þessi tala á upphaf sitt í greiningu KB banka frá því í haust. Við nánari skoðun kemur í ljós að hún er byggð á því að innlendi hluti álframleiðslunnar sé 30% en 85% í fiskiðnaðinum. Við þetta er það að athuga að samkvæmt upplýsingum álfyrirtækjanna á þeim tíma þá var innlendi hlutinn miklu nær því að vera 40% en 30% (þetta hlutfall lækkar með hækkandi heimsmarkaðsverði en það breytir litlu varðandi hlutfallið á milli áls og þorsks hvað varðar útflutningstekjur; það eykur vægi álsins ef eitthvað er vegna tengingar raforkuverðs við álverð). Þá var í skýrslunni gengið út frá því að launahlutfall í sjávarútvegi væri 45% af tekjum en samkvæmt gögnum Hagstofunnar fyrir síðasta ár var það 34%. Einnig var dæminu stillt upp á þann hátt að öll vafaatriði varðandi innlandan og erlendan kostnað féllu þorsktonninu í hag. Það bendir margt til að mun eðlilegra hafi verið að tala um hlutföllin 40% á móti 70% í þessu tilfelli. Við þær aðstæður eru hlutföllin útflutt áltónn á móti þorsktonni miklu nær því að vera einn á móti fimm en einn á móti tíu og það munar um minna.

Ef gera á samanburð á mikilvægi þorsks og áls í útflutningi er miklu eðlilegra að skoða hver verður staða þessara greina árið 2008 þegar núverandi uppbygging á stóriðju verður komin í gagn. Það er í sjálfu sér eðlilegt að gera samanburð á þessum tveim mikilvægu greinum í okkar útflutningi enda nema þorskafurðir 40% af öllum útflutningi sjávarafurða á síðata ári. Í meðfylgjandi töflu eru nokkrar samanburðartölur hvað þetta varðar (sjá einnig í viðauka 1 hér fyrir aftan).

Hluttur þorsks og áls í þjóðarbúsk. 2008	Nettóverðmæti útflutnings. Milljarðar	Nettóverðmæti útflutnings, hlutfall af vöruútl. %	Fjöldi starfa	Launagr. samtals. Milljarðar	Laun og launatengd gjöld á starf. Milljónir	Hlutfall af heildarmannafla %
Þorskur Veiðar og vinnsla	33,5	22,8	3.000	15,1	5,0	2,0
Ál Framl. og orkuöflun	35,0	23,8	1.500	11,3	7,5	1,0

Annað dæmi um ónákvæmni í vinnu greiningardeilda er að eftir að umræða komst á flug um hugsanleg þrjú ný álver á næstu árum gerðu greiningardeildir bæði KB banka og Glitnis úttekt á þjóðhagslegum áhrifum framkvæmdanna. Báðar greiningardeildirnar gengu út frá því að framkvæmdum væri lokið árið 2012. Með einu símtali hefðu þær getað aflað sér upplýsinga um að í öllum áætlunum um hugsanlegt álver á Húsavík er gert ráð fyrir að framkvæmdum þar væri ekki lokið fyrr en 2015; enda tæknilega nánast óframkvæmanlegt að ljúka orkuöflun fyrir þann tíma. Það munar vissulega verulega hvað varðar þjóðhagsleg áhrif hvort framkvæmdir við 250 þúsund tonna álver og ásamt orkuöflun taka fjögur eða sjö ár.

Að lokum í þessari upptalningu. Hátt gengi krónunnar er til komið vegna stóriðjuframkvæmda eða væntinga um slíkar framkvæmdir. Hvað er á bak við þetta?

Þessu væri í sjálfu sér hægt að svara með einni setningu: Hverju reiddust goðin þegar gengi íslensku krónunnar féll á síðustu vikum? Gerist þetta ekki á miðju framkvæmdatímabili í virkjunar og stóriðjuframkvæmda? Er þetta ekki á tíma þegar væntingar um nýja uppbyggingu á þessu sviði eru meiri í þjóðfélaginu en nokkurn tíman fyrir? Staðfestir þetta ekki orð þeirra sem hafa talið áhrif stóriðjuframkvæmdanna á gengissveiflur stórlega ofmetin?

Það er út af fyrir sig margt annað úr umræðu síðustu mánaða sem mætti fjalla um. Ég lét þó staðar numið hér. Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á samlíkinguna á milli umræðunnar um orku- og stóriðjumál síðustu misserin og þeirri umræðu sem nú á sér stað um íslensk efnahagsmál og stöðu bankanna á erlendri grund. Í báðum tilfellum er slegið fram fullyrðingum sem hver tekur upp eftir öðrum án þess að kanna nánar hvað stendur að baki. Í báðum tilfellum er að nokkru byggt á niðurstöðum ónákvæmra greininga fjármálafyrirtækja og fullyrðingum sem fræðimenn slá fram án eiginlegs rökstuðnings.

Í seinni hluta ræðunnar ætla ég að láta hugann reika undir áhrifum frá sýningu Þjóðleikhússins á Virkjuninni eftir Elfriede Jelinek, en ég tók að mér framsögu í réttarhaldi um verkið á vegum kynningardeildar leikhússins. Eins og sýningin kom mér fyrir sjónir þá var hún fyrst og fremst ádeila á neyslusamfélag nútímans og þá ferringu sem því fylgir. Þetta vakti margar spurningar í mínum huga

Ég býst við því að við öll sem erum hér inni teljum okkur þurfa að taka til okkar svona nokkurn vegin sama skerf af auðlindum jarðarinnar; í það minnsta séð með augum þeirra jarðarbúa sem minnst hafa á milli handanna. Öll viljum við væntanlega eiga okkur öruggt húsaskjól, aðgang að í það minnsta einum bíl, neyta úrvals af hágæða matvörum og eiga þess kost að ferðast reglulega um heiminn í leik og starfi. Það er ljóst að ef þó ekki væri nema Kínverjar vildu nálgast það sem við höfum á milli handanna þá þyrfti til auðlindir fleiri plánetna miðað við núverandi aðstæður og þekkingu.

Hvað er til ráða? Hvernig eigum við að bregðast við? Getum við gert það með því að stilla dæminu upp á þann hátt að það sé maðurinn á móti náttúrunni? Ef við gerum það þá trúum við því um leið að annað verði að víkja. Það sé annað hvort maðurinn eða náttúran. Spurningin sé annað hvort eða. Ég held að þannig sé það ekki; einfaldlega vegna þess að við búum í heimi sem er ekki annað hvort eða. Hann er bæði og! Við erum bæði neytendur og gæslufólk náttúrunnar. Við njótum ávaxtanna af bæði hráefnum og þekkingu. Við erum bæði gráðug og nægjusöm Við erum bæði vond og góð.

Það er talsýn að til sé eitthvað sem heitir þekkingar- eða hátækniidnaður og það sé annað hvort hann eða „gömlu“ atvinnugreinarnar og við getum á þann hátt skapað okkur líf skjör sem séu að miklu leyti óháð hefðbundinni auðlindanýtingu. Við getum í besta falli sett kíkinn fyrir blinda augað og horft framhjá því að hátækni fyrirtækin ganga líka fyrir auðlindum jarðar. Það eina sem breytist er að það þarf hlutfallslega minna af þeim þannig að þær standa undir hærri líf skjörum. Á því byggist hugmyndafræði hinna svokölluðu þekkingarsamfélaga hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við hættem ekki að nota hráefni og orku jarðar þó framleiðsla afurðanna sem við neytum flytjist í annan heimshluta.

Við Íslendingar höfum verið á þessari braut rétt eins og aðrar þjóðir á Vesturlöndum, það sýna tölulegar staðreyndir. Kaupmáttur hefur aukist um nálægt 50% á rúmum áratug eða frá fyrri hluta tíunda áratugar síðustu aldar. Á sama tíma hefur starfsfólki í sjómennsku, fiskvinnslu og öðrum iðnaði, eins og það heitir hjá Hagstofunni, fækkað úr að vera 22% af vinnuafl í um 17% í dag og stefnir í 13%-14% innan fárra ára (þetta eru þær greinar sem samsvara framleiðslu iðnaði í öðrum löndum). Í þessu sambandi er ástæða til að nefna að í fræðigreinum um þekkingarsamfélagið kemur fram að eitt af því sem þau þurfi að glíma við sé að ná upp framleiðni og um leið samkeppnishæfum launum í framleiðslugreinum og almennri þjónustu.

Það er mikill misskilningur að fækkun starfa í frumgreinum sé fyrst og fremst afleiðing einhvers sem er kallað stóriðjustefna. Hún er skilgetið afkvæmi þekkingar- eða þjónustusamfélagsins og hefur birst alls staðar þar sem þjóðir hafa fetað þennan veg. Mikill væri máttur stóriðjunnar ef hún hefði ein og sér framkallað þessar breytingar; en hún getur hins vegar gegnt mikilvægu hlutverki við að viðhalda vel launuðum störfum í framleiðslu iðnaði til viðbótar því að leggja drjúgan skerf til uppbyggingar þekkingarstarfa.

Það má einnig skoða þetta frá öðru sjónarhorni en þó með sömu nálgun. Það er annað hvort eða. Þegar kemur að umræðunni um orkufrekan iðnað er iðulega rætt á þeim nótum að þarna sé um að ræða starfsemi sem sé í eðli sínu slæm fyrir íslenskan efnahag. Við eigum frekar að fara út í hátækniidnað. Við skulum taka dæmi af tveim hafnfirskum fyrirtækjum. Marel, sem á þann mælikvarða sem ég nefndi áðan er talið gott fyrirtæki og síðan Alcan í Straumsvík sem fulltrúa orkufreka iðnaðarins. Hver er munurinn á þessum fyrirtækjum? Hvað gerir annað gott en hitt slæmt? Hvers vegna annað hvort eða?

Bæði fyrirtækin nota við framleiðslu sína innlend og erlend aðföng. Þau nota hráefni, vinnuafl og fjármagn. Þau kaupa hvers kyns þjónustu. Þau byggja á og byggja upp þekkingu innan sinna veggja og hjá viðskiptavinum sínum. Munurinn liggur einungis í að þau nota þessar auðlindir í mismunandi hlutföllum og á mismunandi stöðum í virðis kjöðjunni. Hins vegar, ef þessi mismunur endurspeglast í þeirri kröfu sem gerð er til ávöxtunar á það fjármagn sem er bundið í rekstrinum og þau borga sannvirði fyrir sín aðföng að öðru leyti; þá er mér ómögulegt að koma auga á í hverju munurinn liggur!

Hvað snertir orkusölu til orkufreks iðnaðar þá er það mitt mat að í því tilfelli endurspegli ávöxtunarkrafan áhættuna. Þar er um að ræða samninga um allt upp í 40 ára nánast öruggt tekjuflæði vegna framleiðslu á vörum sem leika lykilhlutverk í hagþróun næstu áratuga.

Nú hugsar sjálfsagt einhver að ég sé kominn æði langt frá hugleiðingum um hið tiltekna leikverk. Jú, sjálfsagt er ég það en sú mynd sem ég hef verið að draga hér upp vekur margar áleitnar spurningar sem með einum eða öðrum hætti tengjast boðskap verksins; það er að lífsskjör okkar eru vissulega neysludrifin. Það er ekki allt sjálfgefið í þeim heimi sem við búum í og það er hlutverk listafólksins eins og Elfriede Jelinek að mála hlutina sterkum litum þannig að andstæðurnar komi skýrt fram. Það er einnig hlutverk áhugafólks um þjóðmál og náttúruvernd að veita okkur sem vinnum í orkuiðnaðinum aðhald með gagnrýnni umræðu.

Það hins vegar tekur ekki frá okkur þann kaleik að velja og hafna, taka upplýstar ákvarðanir. Við verðum að glíma við hvað við megum, eigum eða þurfum að gera til þess að búa okkur þau lífsskilyrði sem við teljum okkur þurfa hér á jörðinni. Þetta þýðir að við verðum að taka afstöðu byggða á því sem við teljum réttast á hverjum tíma og ef til vill ekki síður hvað við teljum framkvæmanlegt út frá m.a. félagslegum og efnahagslegum aðstæðum. Ramminn sem við höfum er ekki þær auðlindir sem eru okkur tiltækar á hverjum tíma; hann er þekkingin sem við komum til með að búa við í þeirri framtíð sem er okkur öllum að mestu hulin.

Viðauki

Hlutur þorsks og áls í þjóðarbúskapnum árið 2008 Nokkrar hagstærðir

Hlutur þorsks og áls í þjóðarbúsk. 2008	Nettóverðmæti útflutnings. Milljarðar	Nettóverðmæti útflutnings, hlutfall af vöruútfl. %	Fjöldi starfa	Launagr. samtals. Milljarðar	Laun og launatengd gjöld á starf. Milljónir	Hlutfall af heildarmannafla %
Þorskur Veiðar og vinnsla	33,5	22,8	3.000	15,1	5,0	2,0
Ál Framl. og orkuöflun	35,0	23,8	1.500	11,3	7,5	1,0

Forsendur útreikninga:

- Miðað er við gengisforsendur árið 2005 þar sem gengisvísitalan var að meðaltali 109 og USD að meðaltali 63 kr. Allar tölur eru á verðlagi 2005.
- Miðað er við meðal heimsmarkaðsverð á áli fyrir árið 2005 sem var 1900 USD.
- Þorskur var 39,4% af heildarútflutningi árið 2005. Í útreikningum eru notuð 40%.
- Reiknað er með að innlendur hluti í útflutningstekjum af áli sé 37,5% en 75% í þorski.
- Gengið er út frá að veiðiheimildir í þorski verði þær sömu og voru 2005 og nýting afla eins.
- Reiknað er með að árið 2008 verði flutt út 780 þúsund tonn af áli.
- Reiknað er með 10% aukningu á öðrum vöruútflutningi til 2008.
- Reiknað er með að innlendi hlutinn af heildarútflutningi sé 60%.
- Gengið er út frá að launagreiðslur vegna veiða og vinnslu á þorski séu sama hlutfall af heildarlaunum í greininni og þorskurinn er í útflutningi eða 40%.
- Til að finna heildarlaun í áliðnaðinum er reiknað með 10% af heildartekjum samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjunum.
- Reiknað er með að í fiskvinnslu og veiðum náist hagræðing jafnt við þá sem eru með bestu framleiðni vinnuafls í dag og er fjöldi starfa 2008 miðaður við það.
- Fjöldi starfa í áliðnaði 2008 er samkvæmt upplýsingum frá íslensku álfyrirtækjunum.

- Reiknað er með 200 störfum í orkufyrirtækjunum og 10 milljónum í laun og launa- tengd gjöld á starf.
- Reiknað er með að heildarfjöldi starfa 2008 verði um 150 þúsund.

Taka verður þessum niðurstöðum með hliðsjón af forsendunum. Þar má nefna eftirfarandi.

1. Álverð var hátt 2005 eða 1900 USD á tonn. Á móti kemur að gengi dollara var mjög lágt. Afurðaverð í sjávarafurðum var einnig mjög hátt í erlendri mynt á árinu.
2. Einhverjir vildu væntanlega sjá hvaða fjárfesting er hér að baki. Hvað það varðar verður að taka tillit til þess að hagnaður af veiðum og vinnslu þorsks er hér skilgreindur sem innlendur ábati en erlendur í áliðnaðinum. Einnig þarf að leggja í viðbótarvinnu til að finna framlegð fyrir fjármagnsgjöld o.fl.
3. Reynt er að gæta þess að áhrif álframleiðslunnar séu ekki ofmetin, t.d. hvað varðar innlenda hluta framleiðslunnar.
4. Það býr engin vísindaleg niðurstaða að baki því að nota 40%, sem er hlutfallið af útflutningi, gilda eins og fyrir aðrar stærðir s.s. laun í veiðum og vinnslu á þorski. Vegna hás vinnslustigs á þorski er hins vegar ekki líklegt að þetta hlutfall sé lægra.

Skýlt er að taka fram að ofangreindir útreikningar eru alfarið á ábyrgð ræðuhöfundar.